

Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs

43. fundur

haldinn í Snæfellsstofu, 21. júlí 2011

Mættir: Björn Ármann Ólafsson, Ruth Magnúsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Skúli Björn Gunnarsson, Skarphéðinn G. Þórisson og Einar Kr. Haraldsson. Jafnframt sat fundinn Ragna Fanney Jóhannsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar en Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður er í sumarleyfi og kom aðeins stutt inn á fundinn um miðbik hans.

Gestir fundarins: Elvar Árni Lund og Davíð Ingason frá SKOTVÍS. Halldór Walter Stefánsson frá Náttúrustofu Austurlands. Þórhallur Borgarson og Þorsteinn Ragnarsson frá SKAUST. Aðalsteinn Jónsson frá Félagi leiðsögumanna með hreindýraveiðum.

Dagskrá:

1. Verndaráætlun - veiðar
2. Önnur mál

Björn Ármann stýrði fundi, bauð gesti velkomna og setti fund kl. 17.20. Svæðisráðsmenn undirrituðu fundargerð síðasta fundar sem hafði verið samþykkt gegnum tölvupóst. Gengið var til dagskrár.

1. Verndaráætlun - veiðar

Björn Ármann gaf Halldóri Walter orðið til að kynna skýrslu um vöktun heiðagæsar á vatnasviði Jökulsár á Dal og Jökulsár í Fljótsdal og um áhrif Kárahnjúkavirkjunar á heiðagæsir. Skýrslan er fyrsta skýrslan sem gefin er út um heiðagæsina á þessu svæði eftir umhverfismat vegna virkjunarframkvæmda. Náttúrustofa Austurlands gefur skýrsluna út í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands en Landsvirkjun kostar vöktunarverkefnið.

Farið var yfir ýmsa þætti og helstu niðurstöður skýrslunnar en þær eru: Tilfærsla hefur orðið á varpi úr lónsstæðinu og upp í brún Hálsins og í votlendið þar fyrir ofan. Þéttleiki hreiðra jókst fyrstu tvö árin en virðist vera að draga úr honum aftur. Varpinu við Hálslón hefur seinkað m.v. það sem áður var. Almenn er hins vegar heiðagæs á Austurlandi að fjölga samhliða því sem veiðar á henni eru að aukast sem og eggjataka.

Halldóri var þakkað fyrir góða skýrslu eftir umræður og fyrirspurnir og hann yfirgaf fundinn kl. 18.00.

Við tók umræða um veiðikaflann (9.5) í stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins. Elvar Árni opnaði umræðuna og síðan var farið yfir atriði veiðikaflans lið fyrir lið. Einar Kr. tók upp hugmynd sem kom fram í umræðum á síðasta fundi svæðisráðs að e.t.v. væri rétt að færa veiðar á hreinkúm almennt aftar í ágúst og þar með mætti koma á samræmi milli þess tíma og friðunartímans innan garðs. Þessi hugmynd var rædd ítarlega og almenn skoðun kom fram um að æskilegt væri að sami veiðitími væri innan garðs og utan. Skarphéðinn minnti einnig á að vetrarveiðar kæmu vel til greina að hans mati til að minnka veiðiálag að hausti. Fundarmenn voru almennt á því að rétt væri að koma hugmynd um seinkun á veiði á hreinkúm í umræðu, t.d. á ráðstefnu um hreindýraveiðar.

Ruth minnti á að deila þyrfti gæðum þjóðgarðsins milli mismunandi hópa og það væru m.a. rök fyrir griðlandi og þeim veiðitakmörkunum sem settar eru í áætluninni. Hreinskíptin skoðanaskipti urðu um tímabil, griðlandið við Snæfell og aðgengi innan þjóðgarðs fyrir mismunandi útivistarhópa.

Aðalsteinn kom með þá fyrirspurn til svæðisráðs hvort sauðkindin yrði látin gjalda fyrir mikla gæsabeit innan þjóðgarðsins þar sem í stjórnunar- og verndaráætlun væru ákvæði sem heimiluðu beitarbann. Elvar Árni kom með þá spurningu til svæðisráðs hvort að menn sæju fyrir sér svipaða friðun og rök fyrir henni ef að til frekari stækkunar kæmi á austursvæði garðsins.

Rætt var um hvort rétt væri að koma inn tillögum um einhverjar breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun ef að hún yrði tekin upp á næstunni í kjölfar vinnu nefndar um samgöngur innan garðsins. Meðal annars var nefnd orðalagsbreyting um „samráð“ vegna refaveiða innan þjóðgarðs.

Björn Ármann lokaði umræðunni með þeim orðum að þessi fundur væri hluti af auknu samráði og samstarfi við skotveiðimenn.

Gestir fundarins yfirgáfu fund eftir að fundarritari hafði lesið yfir bókun þessa liðar.

5. Önnur mál.

a) Næsti fundur

Ákveðið að halda næsta fund svæðisráðs 29. september og taka þá upp ýmis mál og hugmyndir sem komu fram á þessum fundi. Ruth verður farin af landi brott í námsdvöl þegar næsti fundur verður haldinn. Sigrún Blöndal mun taka sæti hennar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 19.50

Björn Ármann Ólafsson

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Jóhann F. Þórhallsson

Ruth Magnúsdóttir

Skarphéðinn G. Þórisson

Einar Kr. Haraldsson